

| tíska | tíðarandinn | heilsa | hönnun | pistlár | matur | stjörnuspa |

birta

● *bak við tjöldin*

RÆKTAR NÝJA TÓNA » *Valgeir Sigurðsson*

FEGURSTA DROTTNINGIN

Rania af Jórdaníu

MATUR

Bláber í salatið

DÚKKULEG OG FÖNKÍ

Hönnun Heiðu Eiríksdóttur

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
6. - 12. október

L'



„Calsium, það er framtíðin fyrir mína húð!“

Jane Fonda, 68 ára.

Jane Fonda

É

A

L
PARIS

DERMO-EXPERTISE

AGE RE-PERFECT Pro-Calcium

Endurbyggir og styrkir húðina með calcium.

NÝJUNG Enduruppbyggjandi djúpnæring
Vinnur gegn slappri húð.
Styrkir þunna, veikbyggða húð.

78% kvennanna staðfestu árangur gegn slappri húð.

Vísindalega prófað á 51 konu.

Pro-Calcium er lífræn framsetning calcium,
sem húðin nær að draga beint til sín.

Því þú átt það skilið.

@ Allt um húð þína
eftir sextugt á
www.lorealparis.com



FRÁ 60 ÁRA ALDRI, NÆRING FYRIR ÞROSKAÐA HÚÐ.

L'ORÉAL
PARIS



„Pabbi kom með hana heim frá Ítalíu”

Mig minnr að þetta hafi verið í Flórens og að vinur hans hafi málað hana sem gjöf. Hann kom með hana heim 1967, rammaði hana inn og hengdi hana upp í stofunni. Þá var ég tveggja ára.

TEPPI: 5.299 HVÍTUR ATMOS STÓLL: 69.900 PARLANE VASI: 5.999 GEO PLANK HNOTUPARKET: 7.595 m²
ATMOS LEÐURKOLLUR: 14.900 ATMOS LEÐURSÓFI: 59.900 PÚÐAR: 1.999 JOTUN LADY INNIMÁLNING: 3.975

VELKOMIN HEIM

EGG er með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt. EGG er á Smáratorgi.

www.egg.is



HVÍTUR ATMOS STÓLL - 69.900





20



14



16



38

Þetta helst

- 7 Litadýrð náttúrunnar
- 8 Heitt og kalt
- 10 Jens Ólafsson:
Hart rokk í mestu upphaldi
- 12 Karnival í Kópavoginum

Greinar og viðtöl

- 14 Hönnun: Dúkkuleg og fönkí
- 16 Rania af Jórdaníu
- 20 Valgeir Sigurðsson: Ræktar nýja tóna
- 24 Allir eiga vin á Myspace.com

Hann/hún

- 26 Bláber í salatið
- 32 Tíska: Töff að vera í teinóttu
- 34 Emilía Örlygsdóttir elur upp
- 36 Konur í jakkafötum
- 38 Safnar Blythe dúkkum
- 40 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 40 Stjörnuþá
- 42 Einn af hverjum tíu borga fyrir kynlíf
- 44 Heimaleikfimi
- 46 Ertu klikk?

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

NÓA pokar

Nákvæmlega
réttu innihaldið!



Pokarnir frá Nóa Síriusi innihalda fjölbreytt úrval af brjóstsykri, kúlum og fleira sælgæti í fallegum umbúðum í þægilegri stærð. Nú geturðu notið hvernar stundar með nákvæmlega rétta magninu af uppáhalds Nóa pokasælgætinu þínu.




NÓI SÍRÍUS

Litadýrð náttúrunnar

Mynd: VALLI

Nú er haustið komið með sinn sérstaka sjarma. Skógurinn og lyngið skarta gulum, rauðum, mosagrænum og brúnum litum og loftið er svo tært þegar landið nýtur heiðríkju að fjöll í órafjarlægð blasa við. Reyniviðurinn reynir að halda í berin sín því eftir að fyrsta frostnóttin hefur heilsað reynist það árangurslaust. Þá eru þau orðin æt og það vita smáfuglarnir sem eru fljótir til, þeir henda sér á trén og keppast við að birgja sig upp af vítamíni fyrir veturinn. Góðviðrisdagar á haustin henta vel til útivistar og ekki þarf að fara langt til að njóta litadýrðar náttúrunnar.

| heitt & kalt |

HEITT

SVARTUR Svartur er algerlega litur vetrarins, skór, nærföt, pils, jakkar, skyrtur, peysur, ef það er svart er það svalt.

VOLG

GRÆNN OG UMHVERFISVÆNN Allt í einu eru umhverfissinnar orðnir rosalega svalir. Kannski út af lopapeysunum, en engu að síður jákvæð og góð tíska.

HVORKI HEITT NÉ KALT

BÓKIN ÞÚ LÉTTIST ÁN ÞESS AÐ FARA Í MEGRUN Fólk heldur varla vatni yfir þessari bók en það er spurning hvort það nái að tileinka sér lífsstílsbreytinguna.

VRIÓ STOFUHITA

CELEBDÝRKUN Það er ekki hægt að vera frægur á Íslandi. Íslensk „celeb“ eru venjulegt fólk sem verslar í Hagkaup og á slitna sokka.

ÍSKALT

VARNARUMRÆÐUR Herinn er farinn og nú skulum við finna okkur eitthvað annað að tala um.

SPARAÐ FYRIR GÖMLUM SYNDUM

Þá er komið að því. Október er kominn og sumarið búið bæði opinberlega og óopinberlega. Þyngjan er orðin létt eftir utanlandsferðirnar (sem einhvers staðar skyldu eftir minningar í áfengismóðu), áskriftina að Sýn (besta fjárfesting sumarsins eftir að Zidane skallaði Materazzi), og viðgerðina á sólþallinum (sem er í góðu lagi nema það kom aldrei sól). Þegar horft er fram á veginn bíða jólin með sinn botnlausu maga og munn sem alltaf heimtar dýrari gjafir, stærra tré og fleiri sérur. Það er því komið að því að spara.

FARÐU NIÐUR Á HÖFN OG VEIDDU NOKKRA ÞORSKA. Það er ókeypis og eins og allir vita er íslenski fiskurinn bæði hollur og góður. Það segir sjávarútvegsráðherra og ekki lýgur hann. Hættu að borga bónusfeðgum offjár fyrir matinn, hættu að bera bændastéttina uppi og hættu að taka þátt í verðstríðinu sem kostar það að verðið hækkar um fjörutíu prósent í næstu viku. Það er takmarkað hversu mikið maður getur torgað af krónumjólk. Hafid samt í huga að Reykjavíkurhöfn er einn menngæðasti staður Íslands og þar skipta dýr um kyn vegna mengunar.



SELDU JEPPANN OG KEYPTU AYGGO. Fyrir muninn á verðinu geturðu hækkað Aygoinn, sett hann á 40" dekk og spænt upp á heidi. Hann eyðir mun minna og er þar af leiðandi mun ódýrari í rekstri og umhverfisvænni. Ef þú virkilega vilt sjá hálandið geturðu líka keypt bát. Það verður búið að sökkva þessu öllu eftir nokkur ár og þá verður eina leiðin til að sjá Snæfell úr flugvél eða báti.

SEMDU FRÁBÆRT JÓLALAG.

Þessi kostur er ekki á allra færi en það er þess virði að reyna. Takist það er maður í góðum málum það sem eftir er því stefgjöldin fyrir jólatörnina fleyta manni ansi langt út árið. Hugsid ykkur hvað Cliff Richards er að græða á sínu ömurlega jólalagi Christmas time. Fyrst hann gat, af hverju ekki þú?



FARÐU Í FRAMBOD. Því þar eru fín laun og þeir virðast aldrei gera neitt nema fara til útlanda. Ekki álasa ég þeim. Það hlustar enginn á þá og á meðan annar hangir í pilsfaldinum á Sami frænda (sem ekki hlustar) þá kallar hinn á hjálp hálandinu til varnar (og það eru bara einhverjir útlenskir hippar sem hlusta). En þeir fengu loksins hjálp. Maðurinn sem veit hvernig sumir hlæja sagði upp störfum og labbaði með fimmtán þúsund mótmælendum niður Laugavegin.



www.aero.is

AERO BUBBLES
SÚKKULADÍKÍLLIP
SEM BRÁÐNAÍ
MUNNINUM!
LJUFENGAR SÚKKULADÍKÚLUR MED MINTUBRAGDI.





Hart rokk í mestu uppáhaldi

Jens Ólafsson stendur í ströngu. Hann er búinn að þeysast á milli landshluta með hljómsveit sinni Brain Police við að kynna nýtkomna plötu, Beyond the Wasteland, og um helgina mun sveitin spila í Þýskalandi. Brain Police spilar rokk sem hefur verið líkt við Led Zeppelin, Black Sabbath og Kyuss. Sjálfur segist Jens vera alæta á tónlist þó að hart rokk sé í mestu uppáhaldi. „Listinn sem ég tók saman er lítaður af þeirri staðreynd, en hann hefur ekki endilega að geyma uppáhalds lögin mín heldur lög sem mér finnst henta vel í partí,“ segir hann um lagalistann sem hann tók saman fyrir Birtu.

- LAG 1** **Cult með Slayer.** Nýja platan er skyldueign fyrir sanna tónlistarunnendur og sýnir að hljómsveitin er ekki af baki dottin þrátt fyrir háan aldur.
- LAG 2** **We Die Young með Alice in Chains.** Ódauðlegt lag. Ég er nýbúinn að enduruppgötva plötuna sem lagið er af og finnst hún hafa elst ótrúlega vel.
- LAG 3** **Out On The Tiles, lag eftir Led Zeppelin í flutningi Blind Melon.** Zeppelin er sjálfsagt ein besta sveit sem uppi hefur verið og það er frábært að heyrja lag þeirra í meðförum Blind Melon, sem er gott band.
- LAG 4** **Sweet Insanity með Dog Fashion Disco.** Ég hef lengi haft gaman af þessari sveit og finnst það skemmtilega súrt. Sweet Insanity svikur engan.
- LAG 5** **She's Lost Control með Joy Devisión.** Sagan segir að pródúsentinn að plötunni hafi sent trommarann upp á þak til að ná rétta taktinum. Hann læstist víst þar uppi og þurfti að dvelja þar næturlangt. Frábært lag.
- LAG 6** **Catch and Djammer með Kyuss.** Þrusugott rokklag sem passar vel inn í hvaða partí sem er.
- LAG 7** **Pilot the Dune með Slow Burn.** John Garcia, söngvari sveitarinnar var áður söngvari Kyuss, og hann hefur tekið skemmtilega þróun með nýja bandinu.
- LAG 8** **Black Summer með Danzig.** Mér finnst þetta tímabil með Danzig mjög skemmtilegt, kannski ekki síst vegna sterkrar innlifunar söngvarans.
- LAG 9** **Sea Shell's Century með Cult.** Hér er enn einn frábær söngvari á ferð og lagið eitt af þeirra bestu slögurum.
- LAG 10** **King með Unita.** Parna er söngvarinn úr Kyuss, John Garcia, aftur á ferð. Platan sem lagið er af, það er Sound, er merkileg fyrir þær sakir að hafa ekki verið gefin út af plötuframleiðandanum. Sjálfsagt besta plata sem ekki hefur verið gefin út. Ég hvet alla til að kynna sér hana á netinu.



» birta mælir með ...

... **SCOOP, NÝJUSTU KVIKMYND WOODY ALLEN** Hrikalega fyndin mynd þar sem ung stúlka, sem dreymir um frama í blaðamennsku, og töframaðurinn Splendini komast á slóð Tarot raðmorðingjans sem drepur vændiskonur. Woody Allen er brjálæðislega fyndinn að vanda, Scarlett leikur frábærlega og Hugh Jackman er svooooo sætur.



...**PLÖTUNNI PUPPY** Tónlistarmaðurinn Toggi er nú aldeilis að standa sig vel. Platan hans, Puppy, er komin út og hana er vert að hlusta á. Stórgóð plata með mikla sál, fallegum lögum og tregablendum og hnyttum textum. Góð í partíð og fyrir rómantíska kvöldstund.

... **MEIN KAMPF Í BORGARLEIKHÚSINU.** Sótsvört satíra um Hitler á sínum yngri árum. Hitler er kominn til Vínarborgar að sækja um listnám og gyðingur nokkur sem rekur gistihús tekur hann undir sinn verndarvæng. Frábært að sjá gamanleikrit þar sem enginn heldur framhjá og enginn fær hurð í andlitíð og ekki skemmir frábær frammistaða Bergs Þórs Ingólfssonar.



Lekavörn fyrir laukskurðarfólk



Nýjung vikunnar að þessu sinni á kannski sérstaklega erindi við herrana. Manstu þegar þú ætlaðir síðast að heilla dómu með því að elda fyrir hana og fórst svo að gráta þegar þú varst að skera laukinn? Ekki lengur, kæri vinur, því laukgleraugun eru með einangrunarsvampi sem kemur í veg fyrir að laukur. eða eitt-hvað honum tengt, komist í augun á þér.

Nú er semsagt ekki lengur þörf á að kveikja á kertum, bíta í leðurblöku eða hvaða húsráð það nú er sem þú hefur notað til þessa til að losna við að gráta yfir lauknum. Til varnar hefðbundnum húsráðum má segja að konur hrífist af mönnum sem geta sýnt tilfinningar og því sé allt eins gott að sleppa gleraugunum. Á hinn bóginn má segja að ef þær sjá þig með þau og hlaupa ekki í burtu, þá er góður fengur á ferðinni. Laukgleraugun fást á heimasíðunni www.broadwaypanhandler.com og kosta 20 Bandaríkjadali.



Launavernd verndar tekjur fjölskyldunnar við launamissi



Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Það eina sem þú þarft að gera er að uppfæra launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á landsbanki.is og fæðu nánari upplýsingar.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Launavernd Landsbankans



Myndir: VILHELM
Viðtal: TRYGGVI

» KARNIVAL Í KÓPAVOGINUM «

8. október verður Þjóðarsálin frumsýnd í Reiðhöll Gusts í Kópavogi. Verkið er spunasýning á vegum Einleikhússins en sýningin er eitt stórt karnival. Mitt á milli kraftajötna, fimleikafólks, reiðmanna á hestum, kóra og hestaskíts stendur leikarinn Árni Pétur Guðjónsson.

UM HVÆÐ ER ÞJÓÐARSÁLIN?

Hún fjallar um þjóðarsálina sjálfa. Við Íslendingar erum ekki alltaf að reyna að skilgreina okkur sem þjóð í breytilegum heimi og þar kemur þjóðarsálin inn í spilið. Tilheyrum við öll þessari þjóðarsál eða eru einhverjir útundan? Er þjóðarsálin eitthvað sem er byggt á Íslendingasögum og hetjukvæðum eða fjármálaumhverfi nútímans og útrásinni?

ER VERKIÐ GAMANLEIKUR EÐA DRAMATÍSK?

Það er bæði, eins og góðum leiksýningum sámir. Þetta er bæði hlátur og grátur, boðskapur, söngur og gleði.

ER MIKIÐ KARNIVAL Í SÝNINGUNNI?

Já, mjög mikið. Við erum um fjórutíu manns sem taka þátt í þessu. Við höfum kóra, fimleikafólk, leikara og hesta en þeir eru tákni fyrir hina ómenguðu þjóðarsál, frelsið, fjöllin og hinn beljandi foss.

HVERNIG HEFUR GENGIÐ AÐ ÆFA SAMAN ALLAN ÞENNAN SKARA?

Mjög vel verður að segjast. Hún Sigrún Sól Ólafsdóttir leikstjórinn okkar hefur unnið mikið sem aðstoðarmaður við bíómyndir þar sem hún hefur séð um aukaleikarana. Hún er því von að stýra stórum hópum. Hún vann til dæmis við Bjólfskviðu og með Clint Eastwood í Flags of Our Fathers, þannig að þetta er hennar sérsvið, að vinna með miklum fjölda. Hún er algjör hershöfðingi.

VORUÐ ÞIÐ LEIKARARNIR ALLIR VANIR HESTAMENN EÐA ÞURFTUÐ ÞIÐ AÐ LÆRA REIÐLISTINA SÉRSTAKLEGA?

Ég held að flest okkar leikaranna séu vanir hestamenn og tveir okkar hafa meira að segja hest á hestum. Þar að auki erum við með Íslandsmeistara í hestaþróttum svo sá hluti er ekkert vandamál.

HVERNIG GENGUR AÐ LEIKA Á MÓTI HESTUNUM?

Það er kennt að það sé tvennt sem ætti að banna í leikhúsum. Það eru dýr og börn. Við erum með hesta í sýningunni og þeir eru náttúrulega sískítandi og við verðum að setja inn í sýninguna atriði þar sem er verið að hreinsa til eftir hrossin. Ég hugsa stundum hvað yrði sagt ef ég myndi taka upp á því að kúka úti á miðju gólfi. Nei, án alls gríns þá gengur það mjög vel.

NÚ NOTIÐ ÞIÐ RISAVAXIN KEFLI Í SÝNINGUNNI, SVOKALLAÐAR ÚTDRÁTTARRÚLLUR. ER EKKERT MÁL AÐ FÆRA ÞAU TIL?

Við erum með kraftajötna með okkur, svona líkamsræktartröll. Æ, það má víst ekki kalla þá líkamsræktartröll, þá verða þeir móðgaðir. En þeir lyfta þessum keflum eins og þeir séu að lyfta bolla heima hjá sér.



Taktu upp nýja siði heilsunnar vegna!

Aðeins þú getur mótað líkama þinn, en **Special K** stendur með þér alla leið við að koma þér í framtíðarform. Það er nefnilega aldrei of seint að taka upp nýja og góða siði.

Settu þér raunhæf markmið og farðu rólega af stað, til dæmis með því að stunda göngu, skokk eða sund. Það er góður og heilbrigður siður að borða reglulega skál af **Special K**, sem er troðfullt af vítamínum og trefjum en veitir þér jafnframt kraft til að hreyfa þig og standast erill dagsins.

Special K - með þér í heilsuátaki til framtíðar.





Heiða sótti margar hugmyndir sínar í gömul tímarit enda er ákveðinn retró stíll yfir línunni hennar.

Dúkkuleg og fönkí

Heiða Eiríksdóttir fatahönnuður er nú að setja á markað sína fyrstu fatalínu undir nafninu Original.

Fyrir rúmu ári síðan útskrifaðist Heiða Eiríksdóttir úr Hellerup Textil Academi sem fatahönnuður. Hún er nú að setja sínu fyrstu fatalínu á markað undir nafninu Original.

„Ég fór fljótlega að vinna í línunni minni eftir að ég útskrifaðist. Þetta byrjaði smátt og smátt, ég var nú ólétt á þeim tíma þannig að ég fór ekki á fullt með línuna fyrr en núna í haust,“ segir Heiða sem er þrígga barna móðir.

„Þetta er fyrsta fatalínan mín og ég ákvað að kalla hana Original. Það er smá retró stíll yfir henni ásamt því að vera mjög stelpuleg og margar flikanna eru dúllulegar ef svo má að orði komast. Ég nota mikið satín, gallaefni og þrjón og líka fígúrir eins og mörgæsir, bangsa og fugla sem gefa fötonum svolítið fönkí stíl. Fötin hugsaði ég fyrir konur sem hafa sterkan stíl. Það er mikill karakter yfir línunni en auðvitað má tóna niður flikurnar mínar með því að nota við hlutlausar flikur á móti. Auk þess þarf lítið að nota skart eða fylgihluti við fötin þar sem þau eru svolítið skrautleg ein og sér.“

Heiða segist hafa sótt innblásturinn í gömul tímarit og einnig í barnabækur. „Það er smá dúkkublær yfir fötonum. Held að áhrifin frá börnunum mínum hafi náð að lauma sér inn,“ segir Heiða og brosir. Original línan verður til sölu bæði í Finnlandi og Danmörku og kemur í búið á Íslandi í kringum áramótin. Hægt er að hafa samband við Heiðu á www.orginalclothing.com.



Heiða Eiríksdóttir.

MYND: GVA



Fallegur satintoppur sem hentar á daginn við látlausar gallabuxur eða á kvöldin við glæsilegt píls.



Gallaefni er einnig ríkjandi í Original línunni sem gefur fötunum nokkuð stelpulegan blæ.



Heiða notar einnig figúrur á flikurnar, eins og þessa tvo bangsa.



Heiða segir að nokkrar flikur úr línunni hafi nokkuð dúkkulegt yfirbragð. Þessi skemmtilegi kjóll er mjög kvenlegur um leið og hann er hlýlegur.



Kjólarnir úr Original línunni eru sérlega fallegir og klæðilegir.



Fallegur kjóll úr satíni með þrjúnuðum ermum.

Það er engum blöðum um það að fletta að drottningin af Jórdaníu hlýtur að teljast til fegurstu kvenna heims, enda var hún valin sú þriðja fegursta af hundrað, í úttekt sem tímaritið Harpers Bazaar gerði í fyrra.



Fegursta drottning heims

Drottningin af Jórdaníu er fædd í Kuwait en foreldrar hennar eru af palestínsku bergi brotnir. Rania Al-Yassin, eins og hún hét áður en hún gekk að eiga Abdullah bin Al-Hussein konung, hóf skólagöngu sína í Kuwait, nánar tiltekið í The New English School sem er einkaskóli,

rekinn eftir breskri fyrirmynd. Síðar lauk hún viðskiptaprófi frá Ameríska skólanum í Kaíró. Eftir útskriftina árið 1991 starfaði Raina hjá Citibank í Kaíró, en fór síðar að vinna fyrir Apple í Jórdaníu. Fyrstu kynni hennar af konungi Jórdaníu,

Abdullah bin Al-Hussein, sem þá var prins, áttu sér stað í matarboði í janúar 1993. Tveimur mánuðum síðar var trúlofun þeirra opinberlega tilkynnt og í júní sama ár voru þau gift. Í dag eiga þau konungshjón fjögur börn sem fædd eru á bilinu 1994-2005.

Raina drottning hefur sinnt mannúðarstörfum af mikilli ástríðu og þá sér í lagi kvenréttindamálum, en hún hefur á margan hátt breytt hugmyndum fólks um konur í Arabalöndunum. Áhugasvið drottningarinnar er í raun mjög breitt og hún beitir sér fyrir margvíslegum mállefnum. Dæmi um málaflokka sem hún hefur tekið fyrir eru: Verkefni sem nýta má til tekjusköpunar, þróun heilbrigðra viðskiptahátta í atvinnulífnum, auka nýtingu á upplýsingatækni í skólum og verndun barna gegn ofbeldi. Svo er skemmtilegt frá því að segja að árið 2004 hlaut kvenréttindakonan ofurstigin í jórdanska hernum, en það var sjálfur eiginmaður hennar sem veitti henni þá tign.

Raina Al-Hussein kemur mikið fram opinberlega og því er vert að sperra augu og eyru næst þegar þessi framúrskarandi kona kemur á skjáinn. Nýverið sat hún pallborðsumræður á CNN sjónvarpsstöðinni ásamt m.a. fyrrum Bandaríkjaforseta, Bill Clinton, þar sem rædd voru umhverfis- og öryggismál, fátækt og fleira. Hún hefur skarpa greind til að bera, mikinn þokka og sérlega aðlaðandi framkomu. Raina minnir um margt á drottningu úr Disney ævintýri og hefur því heillað marga, unga sem aldna, líkt og Dána prinsessa gerði í sína tíð.



Ásamt leikkonunni Renée Zellweger og ónefndum aðstandanda alþjóðlegrar ráðstefnu kvenna um barnaheill í júní síðastliðnum.



Raina drottning hefur sinnt mannúðarstörfum af mikilli ástríðu og þá sér í lagi kvenréttindamálum.



GERRY WEBER
BASIC

Basic dragtin


klassísk og flott
krumpast ekki

Mörg snið - stærðir 36-48
Verslaðu glæsilegan fatnað þar sem
gæði og þjónusta skipta máli



Laugavegi 63 • Sími 5514422

Skoðið Basic bæklinginn á Laxdal.is



Ál í krafti kvenna

Álver Alcoa Fjarðaáls er hannað með það í huga að öll störf henti konum ekki síður en körlum. Öryggi, heilsa og vellíðan starfsmanna ganga alltaf fyrir og mikið er lagt upp úr góðu húshaldi. Tæknivæðing auðveldar vinnuna og verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og krefjast ekki mikilla líkamsburða eða endurtekinna hreyfinga.

Jafnvægi vinnu og einkalífs

Fjarðaál verður fjölskylduvænt fyrirtæki þar sem gætt er jafnvægis milli vinnu og einkalífs starfsmanna. Launakjörin eru góð og kynbundinn launamunur útilokaður. Vinnan er í eðli sínu stöðug og fyrirsjáanleg allt árið um kring. Framleiðslustarfsmenn vinna ýmist á vöktum eða í dagvinnu og hlutastörf koma einnig til greina.

Samhentur hópur karla og kvenna

Við ætlum okkur að búa til besta álver í heimi og horfum til framtíðar í anda sjálfbærrar þróunar. Þess vegna viljum við að kynjahlutfall í álverinu verði sem jafnast og aldursdreifing góð. Þannig verður vinnustaðurinn eðlilegur hluti af öflugu samfélagi. Styrkur fyrirtækisins verður í liðsheildinni og mikilvægt er að starfsmenn hafi fjölbreytta reynslu og áhugasvið.

Tækifæri til að læra og þroskast

Starf hjá Fjarðaáli á að vera tækifæri fyrir konur og karla til að læra og þroskast saman. Í boði verður fjölbreytt fræðsla sem á að nýtast bæði innan og utan fyrirtækisins. Starfsmenn hafa að auki góða möguleika á að stunda skólanám með vinnu í álverinu.

Janne Sigurðsson,
Elsa Þórisdóttir og
Deirdre Anne Kresfelder,
starfsmenn Alcoa
Farðaáls.



Álver fyrir konur

Kvennadaður

Kvennadaður – Sunnudagurinn 8. október

Sunnudaginn 8. október ætlum við hjá Alcoa Fjarðaál að bjóða öllum austfirskum konum í heimsókn. Við viljum fyrst og fremst eiga góðar stundir saman og sýna ykkur hið glæsilega álver sem verið er að reisa. Svo viljum við kynna vinnustaðinn okkar, störf í álverinu, bjóða ykkur upp á smá glens og léttar veitingar. Við fáum nokkra góða gesti í heimsókn til þess gera daginn enn skemmtilegri og nokkrar heppnar konur fá óvæntan glaðning

Við byrjum á því að koma saman við álverslóðina kl. 12:45 og leggjum af stað í skoðunarferð kl. 13:00. Því næst munum við koma saman í veislumiðstöðinni (Barbeque Center) í starfsmannapörpinu á milli Búðareyrar og álversins við Reyðarfjörð kl. 14:00, kynnumst starfsemi álversins betur, gleðjumst og njótum góðra veitinga. Dagskránni lýkur á milli kl. 15:30 og 16:00 í veislumiðstöðinni.



Boðið verður upp á rútuferðir frá eftirtöldum stöðum:



| | |
|-----------------|---|
| Neskaupstaður | Heimavist kl. 11:55 og Olísskálinn kl. 11:58 |
| Eskifjörður | Valhöll kl. 12:25 og Essoskálinn (Byggt og flutt) kl. 12:28 |
| Egilsstaðir | Valaskjálfl kl. 12:00 |
| Reyðarfjörður | Skrifstofa Alcoa, Búðareyri, kl. 12:30 |
| Stöðvarfjörður | Brekka, söluturn kl. 12:00 |
| Fáskrúðsfjörður | Hótel Bjarg kl. 12:25 |



Við leitum nú að framleiðslustarfsmönnum sem eiga að hefja störf 1. mars 2007 eða síðar. Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember næstkomandi.

Til nýrra framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar neinar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu, svo sem enskukunnáttu eða tölvukunnáttu. Framleiðslustarfsmenn munu fá alla nauðsynlega þjálfun og reynslu á komandi mánuðum og árum.



Hægt er að sækja um störfin á  og hjá 

(áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsin-



) hjá Capacent í síma 540 1000.

Einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknina hjá Svæðisvinnumiðlun Austurlands.

RÆKTAR NÝJA TÓNA

Einn farsælasti samtímamaður íslenskrar tónlistarsögu er án efa Valgeir Sigurðsson enda hefur hann starfað og unnið með listamönnum á borð við Múm, Möggu Stínu, Björk og nú síðast hinum bandaríska Bonnie „Prince“ Billy. Valgeir er reyndar ekki það sem flestir myndu kalla hefðbundinn tónlistarmann heldur gegnir hann hinu vanmetna starfi upptöku- stjórans.

Viðtal: STEINÞÓR HELGI
Mynd: VALLI

Blaðamaður Birtu og Valgeir setjast niður í stofunni í Gróðurhúsinu hans Valgeirs. Hún er víðfeðm og hátt er til lofts. Undir iljunum liggur stór og mjúkur dýrafeldur sem setur hlýlegan blá á rúmgóðu stofuna hans Valgeirs sem er jafnframt upptökuver með alls kyns græjum.

KEYPTI STÚDÍÓ SAUTJÁN ÁRA

Valgeir er fæddur og uppalinn á Blönduósi þar sem hann bjó meira og minna fram á menntaskólaaldur. Valgeir segir sjálfur að frá sjö ára aldri hafi hann ætlað sér að verða tónlistarmaður. „Ég hlustaði mikið á tónlist og spilaði sjálfur. Ég var líka í aðstöðu í gegnum eldri frændur að fylgjast með því sem þá var að gerast og þeir báru í mig efni.“ Valgeir skráði sig á tónlistarbraut við Menntaskólann við Hamrahlíð en það umhverfi átti ekki við hann. „Þá datt ég inn í stúdíó sem hét þá Hljóðaklettur og var við Klapparstíg. Eigandinn, fyrrverandi söngvari Þeysaranna (innsk. blm. Magnús Guðmundsson), sá að ég hafði mikinn áhuga á þessu stúdíóumhverfi og bauð mér að koma og hjálpa sér sem ég og gerði. Þetta var svona mín leið út úr skólanum.“ Stuttu seinna bauð Magnús Valgeiri einfaldlega að kaupa af honum allt upptökuverið og ákvað Valgeir að slá til, þá rétt í kringum bílprófsaldurinn. Þar aðhafðist Valgeir í nokkur ár og kynntist bransanum vel. Nokkru seinna hélt Valgeir út í nám en kom síðan heim aftur og hélt áfram að vinna við hin ýmsu tónlistarverkefni, bæði sem upptökustjóri og sem tónlistarmaður. „Þetta var mjög

mikilvægur tími fyrir mig en ég spilaði meðal annars með hljómsveitinni Unun og kynntist þá fullt af góðu fólki.“

GRÓÐURHÚS Í IÐNAÐARHVERFI

Árið 1997 urðu svo tímamót á ferli Valgeirs þegar hann setti á laggirnar upptökuverið Gróðurhúsið, sem þá var staðsett á Smiðjuveginum. En hvaðan kemur þetta frumlega nafn? „Mér langaði að mynda mót- vægi við hið iðnaðarlega umhverfi og fannst skemmtileg hugmynd að geta ræktað tón- list og hugmyndir í iðnaðarhverfi,“ útskýrir Valgeir með lúmskt bros á vör. Vann Valgeir þar með tónlistarmönnum á borð við Möggu Stínu auk þess að gera hina bráðskemmti- legu og geysivinsælu Abbababb! með Dr. Gunna. „Á þessum tíma var maður líka að finna sér braut, hvað ætlaði maður að gera? Það togaði alltaf meira í mig að vera í stúdíó og vinna með alls konar mismunandi fólki. Ég lít samt frekar á mig sem tónlistarmann en tæknimann. Stúdíóið er þó það hljóðfæri sem ég kann best á.“ Og Valgeir er því hljóð- færaleikari af bestu gerð sem vill ætíð taka mikinn þátt í sköpun þeirra tónlistarmanna sem hann vinnur með. „Það gefur mér mest,“ segir Valgeir. „Ég reyni að vinna með lista- mönnunum frá upphafi til enda. Mér finnst í raun skilyrði að ég leggi mitt af mörkum þar sem ég hef svo mikla ástríðu fyrir tónlistinni.“ Aðspurður um áhrifavald nefnir Valgeir helst Brian Eno „...en ég ætla samt ekki að reyna að bera mig saman við hann.“

Annað sem Valgeir hugar vel að í sambandi við Gróðurhúsið sitt er að hafa það eins

heimilislegt og þægilegt og hægt er. Og ekki er hægt að segja annað en að það takist fullkomlega. Eftir aðeins örfáar mínútur í upptökuverinu hjá Valgeiri er maður löngu búinn að gleyma að þetta sé eiginlegt upp- tökuver heldur líður manni mun frekar eins og í gamalróinni stofu.

SAGÐI TAKK EN NEI TAKK VIÐ BJÖRK

Í gegnum sameiginlega vini hóf Valgeir síðan að vinna með Björk Guðmundsdóttur árið 1998, samstarf sem átti eftir að endast í átta ár. „Dancer in the Dark var fyrsta verkefnið okkar saman og síðan unnum við meira og minna allt saman eftir það. Þetta voru samt alltaf einungis verkefni og verkefni, þannig að ég var ekki allan tímann háður henni en þetta voru samt sem áður löng og krefjandi verkefni.“ Síðustu tvær plötur sem Björk og Valgeir unnu saman voru mjög tilrauna- kenndar svo vægt sé til orða tekið. Annars var það Medúlla sem var nær eingöngu byggð á röddum og síðan gerðu þau saman tónlist við kvikmyndina Drawing Restraint 9. Því lá beinast við að forvitnast um næsta verkefni Valgeirs og Bjarkar. „Næst tók við að ég sagði takk en nei takk. Mig langaði að fara að gera nýja hluti og ég held að það sé ekki hollt fyrir fólk að vinna saman of lengi,“ svarar Valgeir sem þvertur þó fyrir að eitthvað hafi komið upp á. „Nei, nei, síður en svo. Við eigum að baki farsælt og þægilegt samstarf. Aðallega voru aðrir hlutir að toga í mig og ég vissi að ef ég tæki að mér næsta verkefni Bjarkar þá yrði næsta eina og hálfá ár í biðstöðu.“





STOFNAÐI SVEFNHERBERGISSAMFÉLAG
Í hönd fer því nýr kafli á ferli Valgeirs þar sem mörg spennandi verkefni eru í burðarliðnum. Valgeir segir samt þvert nei þegar hann er spurður hvort hann væri tilbúinn að taka upp plötu með einhverri poppstjörnu á vegum Senu, stærsta plötuútgefanda landsins, og er alls kostar ekki hrifinn af poppsenunni á Íslandi. „Ég vildi að gæti kannski verið í betri aðstöðu til þess að gagnrýna hana. Ég hef meðvitað fylgst mjög lítið með, ég á til dæmis ekki sjónvarp, en það sem síast í gegnum dægurmenninguna er því miður nokkuð sorglegt, miðað við allt hið frábæra sem er að gerast annars staðar. Þessi

maskína er mjög fráhrindandi en kannski er það þannig út um allt. Erlendis er hins vegar verið að reyna að búa til eitthvað nýtt í popptónlist en ég hef ekki heyrt það koma héðan. Mistökkin eru fyrst og fremst að það eru ekki alvöru listamenn á bakvið tónlistina.“ Afstaða Valgeir snýst hins vegar í 180 gráður þegar hann er spurður út í nýjasta verkefnið sitt, hið nýstofnaða plötufyrirtæki, Bedroom Community. „Ég hef áhuga á koma út nýrri tónlist sem á ekki augljóslega heima á ákveðnum stað. Mér fannst að ég hefði aðgang að tónlist sem mig langaði að taka þátt í en er kannski of sérvískuleg til þess að nokkur gæti séð henni farveg. Bedroom Community

„Ég reyni að vinna með listamönnum frá upphafi til enda. Mér finnst í raun skilryði að ég leggi mitt af mörkum þar sem ég hef svo mikla ástríðu fyrir tónlistinni.“

er líka til þess að ýta á sjálfan mig til þess að koma efni frá mér sem lendir alltaf til hliðar við önnur verkefni.“ Fyrsta plata nýja plötufyrirtækisins kom út fyrir ekki svo löngu síðan og er hún með unga tónskáldinu Nico Muhly sem meðal annars hefur unnið með ekki ómerkari mönnum en Philip Glass og Anthony úr Anthony and the Johnsons og er svo sannarlega hægt að mæla með þessum frumburði Bedroom Community. Næst á dagskrá hjá plötufyrirtækinu er plata með Ástralalanum Ben Frost en síðan munu fylgja á eftir plötur með Valgeiri sjálfum og næst Agli Sæbjörnssyni. Allir þessir listamenn munu troða upp á sérstöku Bedroom Community kvöldi á komandi Airwaves hátíð.

MÖRG SPENNANDI VERKEFNI FRAMUNDAN
Önnur afar forvitnilega plata sem Valgeir var að vinna að og er nýútkomin er nýjasta breiðskífa bandaríska tónlistarmannsins Will Oldham, sem reyndar kallar sig Bonnie „Prince“ Billy, The Letting Go. „Oldham er alveg frábær manneskja og úr því hefur orðið góð vinátta. Ég held að við höfum báðir hug á frekara samstarfi og finnst líklegt að úr því verði,“ segir Valgeir en önnur verkefni í svip að stórum sniðum eru í bígerð hjá Valgeiri, „Ég vil samt aldrei tala um hlutina áður en þeir gerast. Næsta ár verður samt töluvert spennandi.“ Ferill Valgeirs virðist því svo sannarlega ekki vera á neinni niðurléið. „Nei, ég held að hann sé einungis rétt að byrja. Draumaverkefnið er samt að geta fengið áfram að vinna með skapandi listamönnum og leggja mitt af mörkum. Hvatinn verður líka alltaf að vera til staðar. Ég held að fólk sem fari inn í listir með það fyrir augum að verða ríkt af því eða jafnvel einungis að lifa af því sé þar á röngum forsendum,“ segir hinni sanni listamaður Valgeir Sigurðsson að lokum.

KÄHRS Í 50 ÁR



Kährs

QUALITY IN WOOD SINCE 1857

Egill Árnason hf. og Kährs
fagna 50 ára samstarfsafmæli.

Af því tilefni bjóðum við
hreint ótrúleg verð.

Veldu **Kährs**, borðleggjandi gæði.

Borðleggjandi gæði í 50 ár

**Egill
Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

1 Lily Allen náði frægð og frama með því að kynna tónlist sína á Myspace.



2 Eyþór Guðjónsson er með vinsæla síðu á Myspace þar sem æstir aðdáendur hans óska eftir að sjá hann í Hostel II.



3 Björk er auðvitað á Myspace.



4 Beta Rokk er einn af fjölmörgum Myspace-aðdáendum hér á landi.

ALLIR EIGA VIN Á MYSPACE.COM

Myspace er eins og heróín. Þeir sem byrja geta ekki hætt og neyslan getur bara aukist. Sem betur fer er Myspace ekki ólöglegt eiturylf sem étur upp líkama og sál heldur netsamfélag opið öllum. Daglega bætast 230 þúsund notandanöfn við á Myspace og í ágúst síðastliðnum náði vefurinn þeim áfanga að hundrað milljónasta notandanafnið var tekið í notkun.

Myspace var stofnað af tölvunördum og háskólanemum Chris DeWolfe og Tom Anderson. Þeir félagarnir þurfa ekki að hafa áhyggjur af því hvort námið hafi borgað sig því í júlí á síðasta ári keypti fréttasamsteypa Ruperts Murdoch vefinn fyrir litla fjörutú milljarða og tvö hundruð milljónum betur. Fyrir þá sem ekki vita hvað Myspace er og hvernig vefurinn virkar þá er einfaldast að setjast fyrir framan tölvuna og prófa. Vefurinn er í sem stystu máli netsamfélag þar sem hver notandi fær heimasíðu þar sem hann getur sýnt myndir af sjálfum sér, sett inn upplýsingar um áhugamál, atvinnu, uppáhalds bækur, bíómyndir og sjónvarpsþætti eða hvað það er sem hann vill að komi fram. Samfélaginu fylgja líka spjallrásir, blogg, og tækifæri til að skiptast á myndum og að tilheyra ákveðnum klúbbum innan Myspace.

Þegar þú ert búin(n) að stofna þitt eigið notandanafn, setja inn mynd og helstu upplýsingar ferðu að skoða það sem aðrir hafa að segja. Þú getur þefað upp fólk með svipuð áhugamál, svipaðan tónlistarsmekk eða bara skoðað myndir og valið þá sem þér finnst sætir eða sætar. Þessu fólk getur þú boðið að vera vinir þínir og fljótlega fara vinabeðnin



að hrannast upp frá fólk á Akureyri og frá Namibíu. Sú mynd sem fólk gefur af sjálfum sér á Myspace sýnir ekki endilega það sem við erum, heldur það sem við viljum vera. Í verstu tilvikum eru þær bara til að villa um fyrir öðrum. Myspace hefur, líkt og allir hlutir á þessari jörð, sínar myrku hliðar. Eins og alls-

staðar þar sem gott fólk kemur saman leynast þeir sem vilja misnota kerfið. Barnanið, vændi og ofbeldi er plága á netinu og þar sem fólk gefst kostur á að fela sitt sanna andlit, þangað leitar sorinn.

Fyrir utan það að vera auðfarin leið að kynnst fólk í heimi þar sem persónuleg samskipti augliti til auglits er deyjandi listform, hefur Myspace sannað sig sem leið til að koma sér á framfæri. Hægt er að finna fjölmargar hljómveitir á Myspace, allt frá ofurböndum eins og U2 til bílskúrsbanda sem ekki gætu haldið lagi þótt líf heimsbyggðarinnar lægi við. Hver sem er getur sett tónlist sína á vefinn og er Lily Allen syngjandi dæmi þess hvað getur fylgt í kjölfarið. Hún hefur náð að byggja upp stóran aðdáendahóp án þess að nokkurt kynningarfyrirtæki, plötufyrirtæki, útgefendur eða aðrir hákarlar hafi komið þar nærri.

Myspace gæti verið enn ein internetbólán. Rétt eins og irkið dó, rétt eins og MSN er í dauðateygjunum, þannig gæti farið fyrir Myspace. Málið er hins vegar að Myspace er bara svo sniðugt fyrirbæri. Sjáði bara Betu Rokk. Eftir áralanga leit fann hún loks ástina ... á Myspace.

Electa pokagormadýna
sjálfstæð fjöðrun



90cm kr. 50.800.-
120cm kr. 63.200.-
140cm kr. 68.700.-
160cm kr. 87.000.-

*frábært verð fyrir
fólk á öllum aldri.
Mikið úrval af stökum dýnum*

Rafstillanleg rúm



80x200 verð frá kr. 84.510.-

TILBOÐ 90cm kr. 32.385.-
TILBOÐ 120cm kr. 41.055.-



Suprima

V.I.P.



Hágæða höfuðstöð

www.toscana.is

HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA
SMÍÐJUVEGI 2, KOP S:587 6090



HÚSGÖGNIN FÁST EINNIG / HÚSGAGNAVAL, HÖFN S: 478 2535

Bláber í salatið

Fyrir utan hollustu bláberja eru þau góð í mat og sérstaklega salat, eins og reyndar ávextir á borð við plómur, perur og ferskjur. Gráðaostur fer ótrúlega vel með þessum ávöxtum þegar kemur að salati sem og valhnetur. Hér er salatið borið fram með svínalundum sem eru ostafylltar „í stíl“ við salatið og mynda bragðgóða samsetningu. Fyrir þá sem vilja meira meðlæti er bent á ofnbakaðar kartöflur með salti og ferskum tímíankvistum.

.....

OSTAFYLLT SVÍNALUND MEÐ BALSAMIKGLJÁA

700 g svínalund
125 g mascarpone-ostur
125 g gráðaostur
25 g valhnetur, skornar í bita
salt og svartur pipar
balsamik edik

Hreinsið og skerið svínalundina niður í 4 cm bita. Berjið með kjöthamri þar til tæplega 1 cm þykkar og flatar. Hrærið saman mascarpone, gráðaosti og valhnetum og smakkið til með salti og pipar. Setjið um eina matskeið af ostablöndu á enda hverrar kjötsneiðar og rúllið sneiðinni upp utan um ostinn. Best er að loka rúllunum þannig að þær rétt lokist og krækja kjötið saman með tveimur tannstönglum. Setjið rúllurnar í eldfast mót. Dreypið balsamik ediki yfir þær og setjið í 225 gráða heitan ofn í 20-25 mín. eða þar til kjötið er eldað í gegn. Gott er að hella örlytlum rjóma yfir ostinn í fatinu (þann sem lekur út úr rúllunum og myndar ljúffenga skán í botninn) og láta sósuna hitna vel áður en kjötið er tekið úr ofninum og borið fram.



Uppskerudagar í Vínbúðum:



Fimm frábær vín á **lækkuðu verði**



Lækkað verð
1.290 kr.

Beringer

Sauvignon Blanc

Meðalfylling, mjúkt með ristudum eikarkeim. Illmrikt og ferskt með góðum ávexti, létt eikað með örlitlum sítruskeim.
www.beringer.com



Lindemans

Reserve Shiraz

Dimm-rúbínrautt vín, mikil fylling, þurrt, sýruríkt með miðlungs tannín. Keimur af mintu, berjum, lyngi og eik. Höfugt vín.
www.lindemans.com



Lækkað verð
1.250 kr.

Rosemount Estate

Shiraz

Dásamlegur ilmur af lakkris, kryddi og ávöxtum. Bragð af þroskuðum sólberum í bland við ameríska eik.
www.rosemountestate.com



Lækkað verð
1.150 kr.

Rosemount Estate

Shiraz Cabernet

Rúbínrautt vín, krydd og sólber, mjúkt vín með miklu berjabragði. Tilvalið eitt og sér eða með pasta, pizzum og grill mat.
www.rosemountestate.com



Lækkað verð
1.240 kr.

Wolf Blass

Red Label

Shiraz Cabernet

Bragðmikið, mjúkt, berja- og ávaxtaríkt vín með ilm af eucalyptus trjám og myntu. Léttur keimur af grænum pipar.
www.wolfblass.com



.....

BLÁBERJASALAT MEÐ
PERUM OG VALHNETUM

250 g blandað salat
3 mjúkar perur
safí úr ½ sítrónu
3 msk. góð ólífuolía, gott að
nota 1 msk. af valhnetuolíu með.
2 msk. balsamik edik
2 msk. ferskur appelsínusafi
1 msk. hunang eða gott síróp
sjávarsalt og svartur pipar
30 g valhnetur, skornar aðeins niður
50 g bláber
150 g gorgonzolaostur eða gráðaostur

Setjið skolað salatið í skál. Afhýðið perurnar og kjarnhreinsið, skerið í þunna báta og hellið sítrónusafanum yfir. Setjið saman við salatið. Hrærið olíu, balsamik ediki, hunangi eða sírópi og appelsínusafa saman. Smakkið til með salti og pipar. Hellið yfir salatið. Blandið bláberjum, osti og valhnetum út í. Hrærið varlega. Berið fram. Gott með öllum mat en einnig eitt og sér með brauði.

Lambrini



Lambrini Cherry er léttfeyðandi drykkur með kirsuberjabragði. 275 ml flaska kostar 250 kr. en 750 ml flösku er hægt að sérpanta og kostar hún 590 kr.

Bucks Fizz er blanda af ítölsku hvítvíni og appelsínusafa. Ferskur drykkur og góður, t.d. með brunch-réttum eða bara einn og sér. Bestur borinn fram ískaldur. Bucks Fizz er fánlegt í 750 ml flöskum, sem kosta 590 kr., og frá 1. nóvember verður hægt að fá 200 ml flöskur í vínbúðum fyrir 250 kr.

Fyrir stelpur sem vilja skemmta sér...



FALLEGAR HAUSTVÖRUR

KYNNING





-
1. GALLABUXNABÜÐIN - KRINGLUNNI. KR. 2.950
 2. KISS - KRINGLUNNI. KR. 690
 3. KISS - KRINGLUNNI. KR. 890
 4. GALLABUXNABÜÐIN - KRINGLUNNI. KR. 6.900
 5. KISS - KRINGLUNNI. KR. 4.990 / BELTIÐ FYLGIR
 6. KISS - KRINGLUNNI. KR. 4.990
 7. BENETTON/SISLEY- SMÁRALIND. KR. 10.295.
TIL Í SVÖRTU OG HERMANNAGRÈNU
 8. KISS - KRINGLUNNI. KR. 1.990
 9. KISS - KRINGLUNNI. KR. 3.490



SKÓR Zara Smáralind

HATTUR
Zara Smáralind



SÓGLERAUGU
Optical Studio
Smáralind



ERMAHNAPPAR
Zara Smáralind



TÖFF AÐ VERA Í TEINÓTTU

Undanfarið hefur töluvert borið á töffaratísku í herrafatnaði undir sterkum áhrifum frá breskum glæpamyndum frá lokum sjötta áratugarins til byrjunar þess áttunda. Stuttir frakkar, aðsniðin (teinótt) jakkaföt, háhæla támjór skór og hálfskyggð sólgleraugu, eins og leikararnir Michael Caine og Terence Stamp klæddust í myndum á borð við „Get Carter“ (1971) og „The Collector“ (1965), eru málið. Þetta í bland við ermahnappa, hatta og sixpensara gerir útslagið vilji menn vera svalir til fara.



FRAKKI Zara Smáralind



SKYRTA OG BINDI
Zara Smáralind



SIXPENSARI
Zara Smáralind



BELTI Zara Smáralind



SÓGLERAUGU
Optical Studio Smáralind



HATTUR
Zara Smáralind



SKÓR Zara Smáralind



Matinique

C  MPANYS

KRINGLUNNI S.512 1766

Emilía Örlýgsdóttir elur upp



Allt í plati

Eitt af því sem við verðum öll að læra einhvern tímann á lífsleiðinni er að ekki er allt sem sýnist og okkur er ekki endilega alltaf sagt satt. Þessu er sonur minn nýlega farinn að átta sig á sem er gott, fyrir utan það að stundum finnst mér hann vera farinn að ganga full langt í raunsæinu miðað við aldur.

Sumt er náttúrulega ágætt að sjá í gegnum og má þar nefna auglýsingar. Sonur minn hefur lengi haft gaman af því að horfa á auglýsingar og yfirleitt viljaði eignast allt sem auglýst er þrátt fyrir að ég hafi alltaf reynt að sannfæra hann um að gæði vörunnar séu stórlega ýkt og sjaldnast virki hún eins og látið er líta út fyrir. Framan af vildi strákurinn alls ekki trúna mér og þótt það kæmi fyrir að eitthvað væri ekki jafn stórkostlegt og gefið hafði verið í skyn í auglýsingunum var það ekki nóg til að sannfæra hann. Einhvern tímann keyptum við mæðginin svo einhverja vöru sem fylgdi miði með númeri á sem átti að slá inn á síðu á netinu til þess að komast að því hvort maður hefði unnið ferð í skemmtigarði í útlöndum. Sonur minn var búinn að horfa oft á auglýsinguna um utanlandsferðina og margbiðja mig um að kaupa tiltekna vöru. Þegar við slógum svo númerið inn á síðuna og fengum þær upplýsingar og við hefðum ekki unnið varð sonur minn miður sín og fór að hágráta. Þá áttaði ég mig á því að auglýsingin hafði verið sett þannig fram að það var eins og það eina sem þyrfti að gera til þess að fá ferðina væri að kaupa þessa vöru og þess vegna var hann búinn að biðja svona mikið um hana. Eftir að ég var búin að hugga hann, notaði ég að sjálfsgöðu þetta tækifæri til þess að sannfæra hann endanlega um að hann mætti ekki trúna öllu sem væri gefið í skyn í auglýsingum svo nú veit hann að þær eru oftast bara plat.

Annað sem sonur minn er nýbúinn að átta sig á er að bímyndir og leikrit eru ekki raunveruleiki. Hann veit núna að Harry Potter og Kalli í súkkulaði-verksmiðjunni eru ekki til í alvörinni en strákarnir sem leika þá eru það. Hann lifir sig náttúrulega inn í atburðarás þess sem hann horfir á eins og börn gera en stundum finnst honum gott til þess að hugsa að þetta er allt í plati. Um síðustu helgi fórum við til dæmis í leikhús að sjá Ronju ræningjastútur og þjakkurinn skemmti sér konunglega alveg þangað til undir lokin þegar einn ræninginn dó. Þá ákvað hann samt að taka það ekki nærri sér en hallaði sér að mér og hvíslaði að mér að þetta væri allt í lagi því hann væri bara dáiinn í þykjastunni.

Auðvitað finnst mér oftast ágætt að barnið skuli vera farið að gera greinarmun á tilbúningi og raunveruleika en þó kemur fyrir að ég vildi að sonur minn fullorðnaðist ekki alltof fljótt. Hann hefur til dæmis lengi dáðst að móður sinni fyrir ótrúlega galdrahæfileika og fundist alveg frábært hvernig ég get látið hluti hverfa og birtast aftur að vild. Núna er hann allt í einu búinn að átta sig á því að það er ekkert yfirnátúrulegt við hæfileika mína, þetta eru allt saman sjónhverfingar og ég er ekki alvöru norn, sem mér finnst eðlilega pínulítið leiðinlegt.

Öllu verra þykir mér þó að sonur minn tilkynnti mér um daginn að það væru ekki til neindir jólasveinar og það væru bara einhverjir kallur sem léku þá. Mér fannst það nú full langt gengið að hætta að trúna á jólasveinana fimm ára og ekki lýsa miklu viðskiptaviti að gefa út þessa yfirlýsingu svona stuttu fyrir jól og gefa í skóinn vertíðina, en mér sem foreldri finnst það einn skemmtilegasti tími ársins. Ég býst reyndar við því að sonur minn treysti mér og telji að þetta fari ekki lengra því það væri nefnilega ekki gott ef kallarnir sem leika jólasveinana kæmst að því að hann veit að þeir eru bara leikarar og hættu að gefa honum í skóinn. Þá væri nú betra að halda frekar í hina barnslega einlægu trú á hið ótrúlega.



Föndrað með fjölskyldunni

Flest börn hafa gaman af því að föndra og foreldrar venjulega líka ef þeir gefa sér tíma til þess. Á haustin og veturina getur verið sniðugt fyrir fjölskylduna að sameinast seinni partinn eða á kvöldin og föndra eitthvað saman. Föndrið þarf alls ekkert að vera svo flókið og mestu máli skiptir að allir skemmti sér vel.

Gott að bíða aðeins

Flestir þekkja það af eigin raun hvernig það að bíða eftir einhverju sem manni langar í getur gert það enn verðmætara. Það sama á við um börn og því ættu foreldrar ekki endilega að rjúka alltaf til og kaupa allt sem börnin langar í handa þeim strax og þau biðja um það.

Ágætt getur verið að leyfa börnunum frekar að hlakka aðeins til að fá það sem þau óska sér því börnin meta það þá meira þegar þau fá það í hendurnar.



Fjölskyldubíll í sparifötunum



Chevrolet Lacetti Station
Kr. 1.864.000 beinskiptur



Kalos



Aveo



Lacetti Sport




Lacetti



Tosca

Vetrarbíll



Lacetti

Flutningabíll



Skólabíll



Fjölskyldubíll



Ferðabíll



Meiri bíll uppfullur af snjóllum lausnum

Þetta er bíllinn sem þú ert að leita að. 25 snjallar lausnir á geymslurými henta allri fjölskyldunni, bílstjórinn er með stjórnþúnað í stýrinu og geislaspilarinn tekur 5 geisladiska, svo fátt eitt sé talið. Það hefur verið hugsað fyrir öllu svo að þér og allri fjölskyldunni líði einstaklega vel í Chevrolet Lacetti. Komdu til okkar á Tangarhöfðann og skoðuðu Evrópulínuna frá Chevrolet, þín biður reynsluakstur og kaffi á könnunni.

Bíllir
Benna

Tangarhöfða 8-12

Sími 590 2000

www.benni.is

Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahorníð hjá Sissa, Keflavík. Bilasalan Ós, Akureyri.



CHEVROLET

Gæddu lífið litum eftir þínu höfði

Ómótstöðilegir litir og einstök gæði.

O.P.I. lékk Aðure "Best Of Beauty" verðlaun fyrir nógstökkin: "I'm Not Really A Waitress" og "Samson Sand"

O·P·I

KONUR Í JAKKAFÖTUM

Jakkaföt eru körlum það sem kjóllinn er konum. Þau hafa þó þann eiginleika að klæða bæði kynin, og konur sem klæðast þeim eru oftast en ekki mjög kynþokkafullar og oft mjög valdmannslegar. Margar konur hafa verið hræddar við að ganga í jakkafötum og kalla þau frekar dragt en jakkaföt og ófáar draga línuna við að setja upp bindi. Fyrir þær sem eru í vafa, er um að gera að skoða hvernig frægar og flottar nota jakkafötin og taka þær sér til fyrirmyndar.

Myndir: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



